

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. júní 2021 í máli nr. 116/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 22. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu við að steypa niður staura og krefst þess að reikningur vegna vinnunnar verði lækkaður. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 23. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 26. október 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, afrit af reikningum vegna þjónustunnar ásamt sundurliðun, samantekt sóknaraðila á tímavinnu varnaraðila og starfsmanna hans, tvö mót húsasmíðameistara á tímafjöldi við verkið, sem aflað var af sóknaraðila, afrit af tölvupóstsamskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, staðfesting á millifærslu frá sóknaraðila til varnaraðila að fjárhæð 64.800 krónur, svo og mynd af akstursleið milli heimilis sóknaraðila og vinnustöð varnaraðila.

Með bréfi, dags. 19. janúar 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila þann 10. júní 2020 við að setja niður og steypa sjö staura við fasteign sóknaraðila. Staurarnir voru 180 cm á hæð að undanskildum einum staur sem var 220 cm á hæð. Efni til verksins var til staðar að undanskildu timbri sem notað var til að rétta staurana af. Varnaraðili gaf út reikning að verkinu loknu að fjárhæð 183.892 krónur, þar af vegna vinnu í 19 klukkustundir, auk fjögurra aksturseininga og efniskostnaðar. Sóknaraðili telur að reikningurinn hafi verið hærri en eðlilegt geti talist og ekki í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að tveir starfsmenn varnaraðila hafi verið á staðnum í um fjórar klukkustundir. Þá sé fjarlægð frá verkstaði varnaraðila að verkstað um 900 metrar. Varnaraðili krefjist því greiðslu fyrir mun fleiri vinnustundir en unnar hafi verið og of margar aksturseiningar miðað við akstursfjarlægð. Engar upplýsingar hafi verið gefnar um aksturskostnað eða tímafjölda við vinnu verksins áður en það hófst.

Sóknaraðili bendir á að starfsmenn varnaraðila hafi mætt um klukkan 8.30 þann 11. júní, farið í kaffihlé í 40 mínútur og matarhlé í 75 mínútur. Vinnu þann dag hafi lokið klukkan

14.00 og hafi starfsmennirnir ætlað að koma aftur eftir helgina til að sækja timbrið sem notað var til stuðnings fyrir staurana, þegar steypan hefði fengið að þorna. Síðar hefði starfsmaður varnaraðila mætt á staðinn á föstudegi og tekið niður timbrið á um 30 mínútum.

Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila þegar reikningur vegna verksins hafði borist þann 27. júní og óskaði skýringa á fjárhæðinni. Einn þeirra starfsmanna sem vann verkið sagði að sögn sóknaraðila að hann hefði ekki skrifað tíma á verkið heldur eigandinn og annar eigandi fyrirtækisins hafði spurt hvort ekki hafi verið ekið til Selfoss að sækja efni sem sóknaraðili segir að hafi ekki verið gert.

Sóknaraðili leggur fram mat frá húsasmíðameistara og trésmíð sem meta heildarvinnustundir vegna verksins með aksturstíma frá sex til átta klukkustundum. Sóknaraðili greiddi 64.800 krónur krónur til varnaraðila þann 7. júlí 2020 eða sama dag og sóknaraðili hafði fengið álit utanaðkomandi aðila á hæfilegum tímafjölda. Varnaraðili hefur boðist til að lækka reikninginn um fjögurra klukkustunda vinnu og tvær aksturseyningar en sóknaraðili hefur hafnað því.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir í andsvörum sínum á að upplifun sóknaraðila á atburðarás málsins endurspeglir aðeins hennar upplifun en þýði þó ekki að sú atburðarás sé staðreynd. Varnaraðili telur að sanngjarnt verð hafi verið rúkað fyrir verkið og ítrekar boð sitt um lækkun reikningsins.

IV

Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við að steypa sjö staura á lóð hennar. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 183.892 krónur fyrir þjónustuna, með reikningi útgefnum þann 23. júní 2020. Sóknaraðili leitaði í kjölfarið eftir mati annarra aðila á eðlilegum tíma við vinnu verksins sem var metinn um sex til átta klukkustundir. Í kjölfarið greiddi sóknaraðili 64.800 krónur til varnaraðila. Telur sóknaraðili að greiðslukrafa varnaraðila hafi verið hærri en eðlilegt geti talist miðað við umfang verksins og krefst þess að hann verði lækkaður.

Í 28. gr. þkpl. er fjallað um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

„28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort tímafjöldi og annar kostnaður sé hæfilegur ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi skilað af sér verkinu með fullnægjandi hætti, í samræmi við kröfur sóknaraðila og er ekki uppi ágreiningur um árangur verksins. Alls voru skráðar 19 vinnustundir við að koma staurunum sjö fyrir og steypa þá. Þar af er skráð ein klukkustund í verkstjórn, 7,5 klukkustunda vinna tveggja starfsmanna þann 11. júní og þriggja klukkustunda vinna eins starfsmanns þann 12. júní.

Með hliðsjón af eðli og umfangi verksins er fallist á það með sóknaraðila að tímaskráning varnaraðila hafi verið umfram það sem almennt gerist við vinnu sambærilegra verka. Verður því að meta hæfilegt endurgjald varnaraðila fyrir vinnu verksins samkvæmt 28. gr. þkpl.

Í þjónustunni fólst að koma staurunum fyrir, rétta þá af, blöndun steypu og síðar að fjarlægja spýturnar sem notaðar voru til að stilla staurana af. Ekki verður séð að óeðlilegt geti talist að tveir starfsmenn vinni slíkt verk í sameiningu. Hólkum hafði þegar verið komið fyrir í jörðinni og staurarnir sagaðir í rétta hæð. Undirbúningi fyrir verkið var því lokið áður en starfsmenn varnaraðila hófu sína vinnu og hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til annars en að undirbúningurinn hafi verið fullnægjandi. Að mati kærunefndarinnar er hæfilegt endurgjald fyrir þjónustuna, með hliðsjón af gögnum málsins, metið sem greiðsla fyrir vinnu tveggja starfsmanna í fimm klukkustundir þann 11. júní árið 2020. Varnaraðila ber að lækka greiðslukröfu sína fyrir þann hluta verksins um tvær og hálfu klukkustund fyrir hvern starfsmann eða samtals um fimm klukkustundir. Þann 12. júní árið 2020 voru spýtur fjarlægðar af staurunum og verður ekki annað séð en að þrjár klukkustundir séu nokkuð umfram það sem gera má ráð fyrir við framkvæmd slíkrar vinnu. Varnaraðila ber að lækka greiðslukröfu sína hvað þann hluta varðar um tvær og hálfu klukkustund.

Varnaraðili hefur krafist greiðslu fjórfalds akstursgjalds að fjárhæð 3.800 krónur hvert skipti, alls 15.200 krónur auk virðisaukaskatts. Við vinnu sambærilegra verka getur aksturskostnaður verið einn þeirra kostnaðarliða sem krafist er greiðslu fyrir þegar þörf er á akstri í þágu verksins. Fjarlægð milli staða hefur ekki úrslitaáhrif við mat á heimild varnaraðila til þess að krefjast slíkrar greiðslu heldur verður að líta til allra aðstæðna. Af gögnum málsins verður ráðið að starfsmenn varnaraðila hafi ekið alls sex sinnum til og frá heimili sóknaraðila vegna verksins. Þann 11. júní 2020 var ekið fram og til baka fjórum sinnum en tvær þeirra ferða voru eknar þar sem að sækja þurfti timbur til verksins sem var ekki haft meðferðis í upphafi. Þá var ekið að heimili sóknaraðila og timbrið fjarlægð þann 12. júní 2020. Með hliðsjón af öllum atvikum er fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi krafist greiðslu akstursgjalds umfram það sem gera má ráð fyrir við framkvæmd slíkra verka. Verður að líta til þess að varnaraðili krafðist einnig tímagjalds á þeim tíma sem ekið var á verkstað og þá stuttu fjarlægð sem var ekin í þágu verksins. Hins vegar liggur fyrir að varnaraðili ók fram og til baka með timbur til að stilla af staurana vegna verksins og liggur ekki annað fyrir en að notkun slíks timburs sé nauðsynleg og eðlileg við framkvæmd slíkra verka. Var varnaraðila því heimilt að krefjast greiðslu fyrir akstur með timbrið á verkstað og frá verkstað. Varnaraðila ber að lækka greiðslukröfu sína fyrir aksturskostnað um helming.

Varnaraðili hefur krafist greiðslu fyrir tímavinnu í eina klukkustund fyrir verkstjórnarkostnað. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að verkstjóri hafi verið á verkstað og ekkert liggur fyrir um þörf á verkstjórn við framkvæmd verksins. Er því fallist á að varnaraðila beri að lækka greiðslukröfu sína um eina klukkustund vegna verkstjórnarkostnaðar.

Kærunefndin hefur ekki forsendur til þess að líta svo á að umkrafinn efniskostnaður sé umfram það sem eðlilegt geti talist við framkvæmd slíkra verka samkvæmt 28. gr. þkpl.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, X, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila, Y, um 82.186 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson